



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 30. janúar 2020

Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun - Lánasjóður sveitarfélaga

Málsnr. 2001274

Lagt er til að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna lántöku samkvæmt fjárhagsáætlun 2020 þar sem gert var ráð fyrir lántöku að fjárhæð 1.130 milljónum króna vegna endurfjármögnunar á erlendu kúluláni á eindaga á árinu.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur lokið fjármögnun með útboði ofangreindrar lántöku á 1,67% vöxtum, verðtryggt til 14 ára.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1.130.000.000.- kr. til 14 ára, með lokagjalddaga 5. apríl 2034 í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggur fyrir fundinum. Um er að ræða tvo samhljóðandi lánasamninga, annan að fjárhæð 500.000.000.- kr. og hinn 630.000.000.- kr.

Lánin eru til fjármögnunar á erlendu kúluláni sem er á eindaga á árinu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Til tryggingar lánunum standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánssamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.